

Fjarðabyggð  
b/t Valur Sveinsson  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 12. júlí 2019  
UST201907-003/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Heyklif – Fjarðarbyggð**

Vísað er til erindis sviðstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Fjarðarbyggðar er barst 1. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir Heyklif á Kambanesi í Fjarðarbyggð.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir ýmis konar starfsemi tengd ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir brugghúsi með aðstöðu til að taka á móti gestum, veitingastað, hágæða hóteli með heilsulind og byggingum af nokkrum stærðum svæða til útleigu fyrir ferðamenn. Stærð deiliskipulagssvæðisins er um 132 ha og áætlað heildarbyggingarmagn á deiliskipulagssvæðinu gæti orðið allt að 8900 m<sup>2</sup>.

### **Forsendur**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig tillagan samræmis landskipulagsstefnu og gildandi aðalskipulagi þá sérstaklega m.t.t. til náttúrverndar. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að það komi fram hver sé áætlaður fjöldi gesta sem munu heimsækja svæðið.

### **Ásýnd**

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu eins og kostur, en í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagsstefnu segi að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

### **Fuglalíf**

Umhverfisstofnun bendir á að fýll (*fulmarus glacialis*), rita (*rissa tridactyla*) og kría (*sterna paradisaea*) eru á valista yfir fugla sem eru í nokkurri hættu og eru ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>) Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi hver áhrif tillögunnar eru á fuglalífið á svæðinu og leggur stofnunin áherslu á mikilvægi þess að búsvæðum fuglanna verði ekki raskað.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

### **Valkostagreining**

Í greinargerð kemur fram að innan svæðisins eru vistgerðir með hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að valkostir fyrir staðsetningu á byggingum, vegum, bílastæðum, göngustígum o.s.frv. séu skoðaðir m.t.t. gróðurfars, dýralífs, náttúruminja og ásyndar.

### **Mat á umhverfisáhrifum**

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í lýsingunni að tillagan fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorðið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur